

Fyrirspurn til bæjarráðs um grænkerafæði í leikskólum

Undirrituð óskar eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi grænkerafæði (vegan) í leikskólum Kópavogsbæjar og stöðu innleiðingar.

1. Bjóða allir leikskólar Kópavogsbæjar upp á grænkerafæði (vegan) sem valkost fyrir börn, ef óskað er eftir því af hálfu forráðamanna? Ef nei, hvaða leikskólar eru það og hver er ástæðan?
2. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda barna sem eru skráð í grænkerafæði í hverjum leikskóla fyrir sig.
3. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig fræðslu og námskeiðum um grænkerafæði fyrir starfsfólk leikskóla hefur verið háttað eftir að samþykkt var að bjóða upp á vegan fæði í leikskólum Kópavogs vorið 2022.